

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar, að stjórnarráðið samþykkist aðgjörðir yðar í þessu efni. 1868.
16. oktbr.

58. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir Íslandi, um að húss- og bústjórnarfélagið verði ekki undanþegið að gjalda burðareyri með póstum. 20. oktbr.

Í bréfi dagsettu 24. júlímán. þ. á. hafði þér, herra stiptamtmaður, leitað samþykkis dómsmálastjórnarinnar til þess, að þér fyrst um sinn hafði undanþegið húss- og bústjórnarfélag suðuramtsins frá að gjalda burðareyri undir bréf þau, er það sendir með sunnanlandspóstinum út um amtið, og eins undir bréf þau, sem félaginn berast frá fulltrúum þess eða öðrum.

Um þetta skal yður kunnjört yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið sér sér ekki fært að veita samþykki sitt til þessarar ráðstöfunar, bæði sökum þess, að hún er ekki samkvæm ákvörðunum í konungsbréfi 8. júlímán. 1779, og líka vegna þess, að hún kynni marga dilka eptir sér að draga.

59. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um bann gegn því, að veiða lunda í net á Vestmannaeyjum. 21. oktbr.

Útaf því, að sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum hafði leitað samþykkis stiptamtsins til þess, að hann 23. septembermán. f. á. hafði látið út ganga lögreglu-auglýsingu, er lagði bann fyrir að hafa net til þess að veiða í lunda, hafði þér, herra stiptamtmaður, getið þess í bréfi dagsettu 31. júlímán. þ. á., að þar yður yrði að virðast vafasamt, hvort að þessi ráðstöfun er þess eðlis, að hún verði gjörð með lögreglu-auglýsingu, hafði þér álitnið yður skylt að veita ekki samþykki yðar til hennar, en aptur

1868.
21. oktbr.

hafið þér látið halda próf til sönnunar því, hvort slíkt bann væri hagfelt fyrir sýsluna og um afleiðingar þess, og álitid svo réttast að leggja málið undir atkvæði dómsmálastjórnarinnar. Hafið þér gjört að álitum, hvort tilefni mundi vera til að setja reglur um lundaveiði, og ef svo virðist, þá að annaðhvort verði lagt frumvarp fyrir alþingi til lagabóðs um þetta efni, ellegar að settar verði af umboðsstjórninni reglur handa Vestmannaeyjum um lundaveiðina í byggingarbréfum þeim, sem leiguliðarnir á jörðunum þar fá eptirleiðis.

Eins og það nú samt kynni að vera vafasamt, hvort bann gegn því að veiða lunda á þenna hátt, er ætti að ná um allt land (og þá yrði að vera sett með lagabóði) væri hagfelt, þar sem þessi aðferð einmitt mun vera höfð sumstaðar til þess að upp-ræta lundann, af því hann spillir æðarvarpinu, eins mælir það á móti hinum öðrum útveg, er þér hafið bent á, herra stiptamt-maður, það er að segja að banna þessa aðferð á Vestmannaeyjum á þann hátt, að taka skilyrði um það í byggingarbréfin framvegis, að þá liði langur tími áður en þessi ráðstöfun væri komin algjörlega í kring, auk þess að leiguliðarnir yrðu ekki allir sömu kjörum undirorpnir, en það ætti að forðast.

Það hefir því verið íhugað, hvort ekki væri annað ráð til þess, að koma þessari ráðstöfun í kring umboðsstjórnarveginn í einu lagi fyrir allar jarðir á Vestmannaeyjum.

Eptir því sem skýrt er frá í fylgiskjölunum, er yður hér með eru send aptur, verður að álíta, að jarðirnar á Vestmannaeyjum spillist talsvert, er lundatekjan, sem er hlunnindi, er fylgir jörðinni, rýrnar eða ef til vill verður smámsaman engin vegna aðferðarinnar, sem nú er höfð til að veiða lundann. Þareð nú allar jarðir á Vestmannaeyjum eru ríkiseign, virðist margt mæla fram með því, að ríkið sem landsdrottinn eigi heimild á að banna leiguliðunum að hafa þá aðferð í frammi, er að mun rýrir verð jarðarinnar, á líkan hátt og bannað er að drepa æðarfugl, höggva skóg um of o. s. frv., og að byggja þeim út, ef þeir hlýða ekki banninu.

En áður lengra er farið útí þetta eruð þér beðnir, herra

stiptamtmaður, að skýra stjórnarráðinu frá álitum yðar um það, og skal þess getið um leið, að það er vitaskuld, að mikið er undir komið því, hvernig komið er að orði í byggingarbréfum leiguliðanna.

1868.

21. oktbr.

60. Bréf dómsmálastjórnarinnar til reikningastjórnardeildar konungsríkisins, um eptirstöðvar af jarðarafgjöldum á Vestmannaeyjum.

28. oktbr.

Með bréfi dagsettu 17. f. m. hefir reikningastjórnardeild konungsríkisins sent hingað eptirrit af útásetningunum um reikninginn fyrir tekjunum af jarðagózinu á Vestmannaeyjum fjárhagsárið 1866—67; er þar vikið á reglurnar um formið fyrir því, hvernig eigi að tilfæra skuldir hjá leiguliðunum í reikningnum, um heimildina, sem útheimtist til að skuldir megi hverfa úr reikningnum, og um aðferðina, er á að hafa við að heimta skuldirnar saman. Reikningastjórnardeildin hefir þar næst látið álit sitt í ljósi um ýmsa galla á skipulagi því, sem nú er á þessu, og skotið til úrlausnar stjórnarráðsins, sumpart hvort sá, er reikninginn semur, megi láta skuldir þær falla, er sannað verður um með staðfestu eptirriti af fógatabókinni, að ekkert hafi fundizt hjá hlutadeiganda gjaldþegni til að gjöra í fjárnám, sumpart hvort nokkrar skuldir frá árunum 1865—66 og 1866—67, hinar fyrri 330 rd. 82. sk. og hinar síðari 185 rd. 89 sk. að upphæð, megi falla niður.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að þeirri spurningu, hvort þær skuldir megi hverfa úr reikningunum, er til ónýtis hefir verið reynt að heimta með fjárnámi, skal svarað með jákvæði, og er það enn fremur álit stjórnarráðsins, að það verði að vera á valdi umboðsmanns að tiltaka eptir öllum atvikum, hvenær fjárnámið skuli gjört, einasta að hið lögboðna 2 ára tímabil sé ekki umliðið, og að það sömuleiðis eigi að vera á hans valdi að ráða úr, eptir því hvað ríkissjóðnum er mest í hag í hvert skipti, hvort leiguliðum þeim, sem ekki eru fullveðja og ekki geta sett veð eða ábyrgð fyrir skuldum